Tíminn
Fimmtudagur 15. júní 1995

Veðrið (Byggt á spá Veðurstofu kl. 16.30 í gær)

● **Veðurhorfur á landinu í dag:** Sunnan og suðvestan átt, víðast gola eða kaldi. Smáskúrir um sunnan- og vestanvert landið en á Norður- og Austurlandi verður líklegast úrkomulaust að mestu. Hiti 10 til 15 stig, hlýjast norðaustanlands.

● **Horfur á föstudag:** Suðaustan strekkingur um mestallt land, einkum sunnan og vestan til. Hiti 15 til 19 stig norðaustan til en 10 til 15 stig annars staðar.

● **Horfur á laugardag:** Breytileg átt, gola eða kaldi og skúrir um allt land. Hiti 7 til 12 stig víðast hvar.

● **Horfur á sunnudag:** Norðlæg átt, nokkuð hvöss, einkum vestan til. Rigning og hiti 2 til 5 stig norðan til á landinu en skýjað að mestu og 8 til 12 stiga hiti sunnan til.

● **Horfur á mánudag:** Fremur hæg norðlæg átt. Skúrir og hiti 3 til 6 stig norðan til á landinu en að mestu þurrt og 7 til 11 stiga hiti sunnan til.

Róðradagakerfi með 21.500 tonna aflahámarki í þorski. Landssamband smábátaeigenda:

Ávísun á hrun í útgerð krókabáta

Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landsambands smábátaeigenda, segir að samkvæmt tillögum stjórnarliða um róðrardagakerfi muni krókabátar aðeins geta sótt sjó í 79 daga á heilu fiskveiðiári en ekki 86 eins og haldið hefur verið fram. Ef menn vilja færa sókina yfir á sumarið, þá fækkar róðradögum umtalsvert og verða aðeins 51 en ekki 60.

Hann segir þessar breytingar, ásamt 21.500 tonna aflahámarki í þorski, breyti nánast engu fyrir lífsafkomu útgerða krókabáta. Þá sé það jafnframt ljóst að stórútgerðir, með LÍÚ í broddi fylkingar, virðast hafa náð fram öllu sínu í baráttu sinni við að koma böndum á þorskveiðar krókabáta.

Meirihluti sjávarútvegsnefndar Alþingis fékk því framgengt í viðræðum við sjávarútvegsráðherra að róðradagakerfi krókabáta verði tekið upp þann 1. febrúar á næsta ári og verður því skipt í fjögur tímabil. Einnig er gert ráð fyrir að þeir sem velja aflahámark í haust geti komið inní róðradagakerfið með nýju fiskveiðiári haustið 1996.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður sjávarútvegsnefndar Alþingis, segir að samkvæmt útfærslu meirihlutans á róðrardagakerfinu muni veiðidögum krókabáta fækka miðað við banndagakerfið. Hinsvegar munu menn ráða sínum sóknardögum sjálfir, öndvert við það sem er í banndagakerfinu.

„Þannig að menn ráða því hvernig þeir ganga um klefann sinn," segir Steingrímur J. Framkvæmdastjóri LS segir að eftir sem áður sé með þessu verið að skapa fleiri vandamál en verið hafa og að atvinnuleysi og gjaldþrot muni verða fylgifiskar þessarar stefnu varðandi krókabáta. Þar fyrir utan sé líklegt að margföldunaráhrifin á aðrar atvinnugreinar og fjárhag sveitarfélaga, sem háð eru fiskveiðum krókabáta, verði umtalsverð. ■

Hafnarfjörður: Nú er beðið eftir krötum:

Ný bæjarstjórn mynduð í Noregi?

Átta af ellefu bæjarfulltrúum fóru til Noregs í morgun, allir fimm kratarnir, tveir sjálfstæðismenn, annar þeirra Jóhann Bergþórsson, og Magnús Jón bæjarstjóri fyrir Alþýðubandalagið. Ferðinni er heitið til smábæjarins Bærum við Oslóarfjörð, mesta íhalds- og snobbbæjar Noregs. Talið er fullvíst að myndun nýrrar bæjarstjórnar beri á góma í ferðinni. Sumir segja jafnvel að bæjarfulltrúarnir komi heim með fullskapaða nýja bæjarstjórn.

Alþýðuflokkurinn ræddi í gærkvöldi stöðuna, bæjarfulltrúar, varamenn og stjórn fulltrúaráðsins. Ekkert er enn ákveðið um framhaldið, hvort menn leita til vinstri eða hægri eftir samstarfi — eða hvaða kröfur kratar setja. Ljóst er þó að bæjarstjórastóllinn verður þeim ekki laus í hendi.

Tryggvi Harðarson, bæjarfulltrúi Alþýðuflokksins, sagði í samtali við blaðið í gærkvöldi að án efa mundi bæjarstjórnarsamstarf bera á góma í Noregsferðinni. Hann sagði hins vegar að dagskrá gestgjafanna væri stíf og ekki gæfist mikill tími til að mynda bæjarstjórnina við Oslóarfjörðinn, það yrði gert við annan fjörð síðar, Hafnarfjörðinn. ■

Íbúar öldrunarstofnana í Reykjavík taka 7 lyf að meðaltali:

Um 33% á sterkum geðlyfjum og 62% á róandi- og svefnlyfjum

Íbúar öldrunarstofnana í Reykjavík taka að jafnaði 7 lyf samkvæmt könnun á daglegu lífi fólks á þessum stofnunum. Lyfjanotkun á hjúkrunarheimilum á Akureyri reyndist heldur minni, eða 6,4 lyf að meðaltali. Hér eru talin öll lyf, m.a. augnlyf, húðlyf, vítamín og kalk. Um þriðjungur fólks á hjúkrunarheimilum var á sterkum geðlyfjum þá viku sem könnunin miðaðist við, en um 15% fólks í þjónustuíbúðum í Reykjavík. Um fjórðungur allra tók geðdeyfðarlyf. Róandi lyf og svefnlyf tóku um 62% fólks á stofnunum í Reykjavík en 54% á Akureyri. Nær 10% höfðu fengið stungulyf í viku-unni á hjúkrunarheimilum í Reykajvík en aðeins 0,6% á Akureyri.


Einnig var kannað hvort þetta aldraða fólk hefði fengið ný lyf á undanförnum þrem mánuðum. Um 43% Reykvíkinganna höfðu fengið a.m.k. eitt nýtt lyf á síðustu þrem mánuðum en um 36% á Akureyri.

Könnunin náði til meira en 1.600 aldraðra á öllum helstu öldrunarstofnunum á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Meðalaldur þessa hóps er um 84 ár, en konur eru þó bæði heldur eldri og talsvert fleiri en karlar. Fólkið hafði búið að meðaltali þrjú og hálft á á þessum öldrunarstofnunum.

Heilsufarið er orðið heldur dapurt hjá mörgum. Um fjórðungur hefur verulega skerta heyrn. Allflestir geta þó gert sig skiljanlega með talmáli. Sjóndepra er líka stórt vandamál. Þriðjungur fólks á hjúkrunarheimilum hefur verulega eða mikið skerta sjón og annar þriðjungur nokkuð skerta sjón. Helstu sjúkdómseinkennin reyndust: Heilabilun, gigt, beinþynning, háþrýstingur, kransæðasjúkdómur, þunglyndi, heilaáföll, kvíði, ský á auga og gláka. Svo dæmi séu tekin reyndust um 10% fólks á hjúkrunarheimilum með Alzheimer og nærri helmingur með önnur elliglöp. Um 14% voru með kransæðasjúkdóma, álíka margir þunglyndir og nokkru fleiri höfðu fengið heilaáfall. Af íbúum hjúkrunarheimila í Reykjavík var um fjórðungur með beinþynningu og fimmti hver með gigt, en þessir sjúkdómar voru af einhverjum ástæðum meira en helmingi fátíðari á heimilunum á Akureyri.

Meðal íbúa þjónustuíbúða í Reykjavík þjáðust tiltölulega fleiri af kransæðasjúkdómum (22%), háþrýstingi (27%), þunglyndi (20%) og kvíða (17%), gigt og liðbólgum (28%).

Helstu heilsufarskvartanir einstaklinga á öldrunarstofnunum voru hins vegar: verkir, sérstaklega í liðum, svimi, bjúgur, hægðatregða og mæði. ■



Þessa dagana eru Kjarvalsstaðir undirlagðir af fólki sem er að hengja upp sýningu sem sýna mun myndlistarþróunina á Íslandi alla þessa öld. Sýnt er í öllum sölum og göngum, einhver umfangsmesta sýning sem hér hefur verið sett upp. Myndin sýnir Rögnu Róbertsdóttur koma einu verka sinna fyrir á Kjarvalsstöðum í gær. *Tímamynd GS.*

Íslensk myndlist — Kjarvalsstaðir, stærsti listeigandi landsins, sýnir yfirlit málaralistar 20. aldarinnar í allt sumar:

Allir salir verða teknir undir myndir borgarinnar

Reykjavíkurborg, eða Listasafn Reykjavíkur, er eigandi þúsunda myndverka, sem spanna alla þessa öld. Raunar er Listasafn Reykjavíkur eigandi fleiri listaverka en nokkurt annað safn í landinu, Listasafn Íslands þá ekki undanskilið. Þessi verk eru alla jafna ósýnileg almenningi en eru geymd í málverkageymslum. Á þjóðhátíðardaginn opnar geysimikil yfirlitssýning á myndlist 20. aldarinnar á Íslandi á Kjarvalsstöðum, sýningin Íslensk myndlist. Þar mun ýmislegt koma í ljós sem áður var hulið listunnendum.

Á sýningunni gefst fólki kostur á að skoða allt það markverðasta sem Listasafnið á af myndlist. Þar mun landsmönnum og erlendum gestum á Íslandi gefast kostur á að skoða þróun myndlistar á öldinni. Myndverkin eru af ýmsum toga og unnin með allskyns efnum.

Anna Margrét Bjarnadóttir, kynningarstjóri á Kjarvalsstöðum, sagði í samtali við Tímann að það hafi þótt við hæfi að opna svo stóra og metnaðarfulla sýningu á sjálfan 17. júní. Opnun Sumarsýningar Kjarvalsstaða verður kl. 16 og sýningin opin til 10. september frá 10 til 18 daglega.

Athöfnin hefst með lúðraþyt við innganginn, en innandyra mun Bernardel-strengjakvartettinn leika, en hann skipa Gréta Guðnadóttir, fiðla, Cbigniew Dubik, fiðla, Guðmundur Kristmundsson, víóla, og Guðrún Th. Sigurðardóttir, selló.

Við athöfnina fer einnig fram útnefning á Borgarlistamanni Reykjavíkur. ■

Halldór harmar kjarnorkutilraunir

Utanríkisráðherra, Halldór Ásgrímsson, harmar þá ákvörðun frönsku stjórnarinnar að hefja á ný tilraunir með kjarnasprengingar á Kyrrahafseyjum á hausti komanda. Undrast verður að yfirlýsing Frakklandsforseta kemur íkjölfar alþjóðaráðstefnunnar í New York í fyrra mánuði, sem framlengdi gildistíma samningsins um bann við dreifingu kjarnavopna.

Halldór Ásgrímsson kveðst vona að þessi ákvörðun Frakka verði ekki til þess að torvelda enn afvopnunarsamningana í Genf, sem stefna að því að koma á allsherjarbanni við tilraunasprengingum með kjarnavopn á næsta ári. ■

